

**435. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 7. desember 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. 1111039 - Endurskoðuð fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011

Lögð er fram breyting á samþykktri áætlun sem hér segir :

Samtals tekjur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur kr. 9.207.- þús., en samtals gjöld sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur 13.307.- þús. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun er rekstrarniðurstaða lakari sem nemur kr. 6.929.- þús. Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir 4.794.- þús kr. afgangi, en í framlagðri endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 2.135.- þús. kr. halla. Við endurskoðun er leitast við að færa inn þá liði sem hafa verið samþykktir í hreppsnefnd og vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar og liðir sem hafa greinilega verið ranglega áætlaðir. Umframkeyrslur eru uppfærðar. Í tengslum við samþykktu endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011, er lagt fram málaflökkayfirlit og deildayfirlit í samræmi við samþykktar breytingar, sem oddviti og varaoddviti staðfesta með undirskrift. Samþykkt að skuld áhaldahúss (þjónustumiðstöðvar) sem myndast hefur við aðalsjóð vegna rekstrarhalla í fortíðinni verði fært út í ársreikningi 2011.

Samþykktar reglur varðandi styrkveitingar sveitarfélagsins: Úthlutaðir styrkir skulu greiðast innan þess fjárhagsárs, sem þeir eru veittir á, þar sem heimild framkvæmdastjóra til að greiða þá út er bundin fjárhagsáætlun hvers árs.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 lögð fram með áorðnum breytingum, borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

2. 1111040 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2012

Lagt er til að útsvarsprósenta verði 14,48%, fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði 0,5%, á opinbert húsnæði, 1,32%, á atvinnuhúsnæði 1,65% af heildarfasteignamati.

Afsláttur elli og örorkulfeyrisþega vegna fasteignagjalda og holræsagjalds :

Lagt er til að hreppsnefnd samþykki að miða afslátt við tekjur liðins árs þ.e. 2010:

A: 100% lækkun:

Einstaklingur með tekjur allt að kr. 2.734.000.-,

Hjón með tekjur allt að kr. 3.796.000.-

B: 70% lækkun:

Einstaklingur með tekjur á bilinu kr. 2.734.001.- til kr. 3.448.000.-

Hjón með tekjur á bilinu kr. 3.796.001.- til kr. 4.829.000.-

C: Engin lækkun:

Einstaklingur með hærri tekjur en kr. 3.448.001.-,

Hjón með hærri tekjur en kr. 4.829.001.-

Skilyrði lækkunar er að viðkomandi elli- og/eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í viðkomandi fasteign og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt. Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Lóðarleiga: íbúðarhúsalóðir: 2% af fasteignamati lóðar, Lóðir vegna atvinnurekstrar: 3% af fasteignamati lóðar. Holræsagjald: 0,3% af heildarfasteignamati. Vatnsgjald: af íbúðarhúsnæði 0,25%, af atvinnuhúsnæði 0,5% af heildarfasteignamati.

Styrkveitingar: Sögufélag Barðarstrandarsýslu Kr. 60.000.- Kvenfélagið Harpa kr. 50.000.- Björgunarsveitin Tálkni kr. 250.000.- UMFT kr. 200.000.- Styrkirnir samþykktir með fjórum atkvæðum, BSH situr hjá.

Oddviti (EIS) fór yfir forsendur og lykiltölur skv. framlagðri greinargerð, vegna vinnu við fjárhagsáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans vegna ársins 2012. Oddviti (EIS) leggur til að sveitarstjórn í samvinnu við deildarstjóra og starfsfólk fari í frekari yfirferð á áætluninni skv. framlögðum drögum að fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2012. fyrir Tálknafjarðarhrepp og stofnanir hans vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:15

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____